

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: prófessor í stærðfræði við Háskóla Íslands, rektor Menntaskólans í Reykjavík og skrifstofustjórinn í menntamálaráðuneytinu.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um vörslu sjóðsins, birtir reikninga hans í Lögbirtingablaðinu fyrir 1. apríl ár hvert og heldur gerðabók fyrir sjóðinn.

6. gr.

Stofnandi sjóðsins áskilur sér rétt til þess, innan næstu 10 ára, að gera tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari, þó svo, að þær haggi í engu tilgangi sjóðsins í höfuðatriðum.

7. gr.

Sjóðurinn afhendist 1. apríl 1954.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

REGLUGERÐ

um þorskveiðibann 20.–31. desember 1983.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 20. desember til og með 31. desember 1983, eru fiskiskipum, öðrum en þeim, sem hlíta takmörkunum á þorskveiðum samkvæmt reglugerð nr. 23. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa 1983, bannaðar allar þorskveiðar.

Á sama tímabili er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

2. gr.

Á þeim tíma, sem þorskveiðar eru bannaðar, skv. 1. mgr. 1. gr., má hlutur þorsks í heildarafla hveirrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%.

Fari þorskafli yfir 15% af heildaraflanum verður það, sem umfram 15% er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Nú er afla landað innan þeirra tímamarka, sem um getur í 1. gr. og hlutfall þorsks í heildarafla reynist herra en 15%, skal þá litið svo á, að um ólöglegan þorskafli sé að ræða og hann gerður upptækur samkvæmt 2. gr. nema í ljós komi, að fiskiskipið hafi ekki verið að veiðum á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar.

Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils samkvæmt 1. gr., enda hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. desember 1983,

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 250/1976, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. bætist nýr töluliður er verði 10. tl. og orðist svo:

Við sölu og dreifingu matvöru, er inniheldur salt (natríumklóríð) skal geta um magn þess á umbúðum sé um luktur umbúðir að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi 1. apríl 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. desember 1983.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.